

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Lækjamót í Sandgerði.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 21. maí 2003 samþykkt deiliskipulag íbúðarsvæðis við Lækjamót.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. Sandgerðisbæjar, 18. júlí 2003,*

**Guðfinnur G. Þórðarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um ávaxtasafa og sambærilegar vörur.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um ávaxtasafa og sambærilegar vörur sem skilgreindar eru í 2. grein. Reglugerðin gildir ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

*Ávaxtasafi* er safi sem getur gerjast. Hann er unninn úr einni eða fleiri tegundum óskemmdra og þroskaðra ávaxta, ef til vill kældum, og er að lit, ilmi og bragði einkennandi fyrir safi ávaxtarins sem hann er unninn úr. Setja má bragð, aldinkjöt og safabelgi sem skilst frá við vinnslu aftur í safann. Safi sítrusávaxta skal unninn úr innlagi ávaxtanna (endocarp). Þó er heimilt að vinna súraldinsafa (lime) úr öllum ávextinum sé réttum framleiðsluháttum beitt þannig að hlutfall efnispátta barkarins sé í lágmarki.

*Ávaxtasafi úr þykkni* er safi sem fæst með því að bæta neysluvatni, bragði og eftir því sem við á, aldinkjöti og safabelgjum í ávaxtaþykkni í stað þess sem skildist frá við þykkinguna. Ávaxtasafi úr þykkni skal hafa sömu eiginleika hvað varðar skynmat og samsetningu og annar safi úr sömu ávöxtum.

*Ávaxtaþykkni* fæst með því að fjarlægja ákveðið hlutfall vatns úr ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum. Ef varan er ætluð til beinnar sölu til neytenda skal þykkingin vera að minnsta kosti 50%.

*Þurrkaður ávaxtasafi (ávaxtasafi á duftformi)* er unninn úr ávaxtasafa með því að fjarlægja nánast allt vatn úr einni eða fleiri tegundum ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum.

*Ávaxtanektar* er vara sem getur gerjast, fengin með því að bæta vatni og sykri og/eða hunangi í ávaxtasafa, ávaxtasafa úr þykkni, ávaxtaþykkni þurrkaðan ávaxtasafa, ávaxtamauk eða blöndu þeirra og er að öðru leyti í samræmi við viðauka 3. Sykur og/eða hunang má nema allt að 20% af heildarþyngd endanlegu vörunnar. Þegar ávaxtanektar er framleiddur án viðbættis sykurs eða með lágt orkugildi er heimilt að nota sætuefni í stað sykurs, alveg eða að hluta til, í samræmi við reglugerð um aukefni í matvælum.